

Ed. 573. Frumvarp til laga [259. mál]

um breyting á lögum nr. 46 24. maí 1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til

1. ráðherra, hæstaréttardómara né saksóknara ríkisins;
2. ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, en um laun þeirra og starfskjör fer samkvæmt sérstökum lögum;
3. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins;
4. iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarféлага þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem nú hefur verið lagt fram frumvarp til laga um kjarasamninga BSRB er hér gert ráð fyrir breytingu á lögum nr. 46/1973 sem gerir ráð fyrir að félagsmenn BSRB falli ekki lengur undir þá löggjöf.